- Grafnir verða 4 undirstöðubrunnar með raflagnakerfi á milli þeirra og í rafdreifiskáp sem staðsettur verður í ruslageymslu. Á hvern brunn verða settir hleðslustaurar með tvöfaldri hleðslustöð (2x22kW) í takt við þarfir húsfélagsins hverju sinni. Hleðslustaurarnir eru úr ryðfríu efni og festir við undirstöðubrunna með brotboltum sem gefa sig ef ekið verður á staurinn, þannig að aðeins þarf að endurnýja staurinn sjálfan ef óhapp verður.
- Sett upp fjarskipta/nefkerfi til að lesa rauntímagögn úr öllum snjall hleðslustöðvum bílastæðisins svo sérhver notandi geti fylgst með hleðslu og orkunotkun síns bíls, ásamt því að hægt sé að fylgast miðlægt með orkunotkun allra rafbíla íbúa hússins, í þeim tilgangi að innheimt verði fyrir orkunotkun hvers notanda
    - ➢ Í Þessari lausn er Router móttakari og þá þarf að fá SIM kort með búnaðinum frá fjarskiptafyrirtæki. Rekstrarkostnaður á mánuði á simakortinu er áætlaður kr. 2.500,- á mánuði.
    - ➢ Aðgangur að skýjalausn sem heldur utan um aðgangsstýringu, greiðsluskiptingu og álagsstýringu er gjaldfrjáls. Rafbox ehf getur boðið upp á rekstraþjónustu sem fellst í að skipta niður notkun hvers og eins og senda mánaðarlega á innheimtuaðila sameignagjalda ásamt því að sinna reglulegu viðhaldi og bregðast við hugsanlegum bilunum, sem og að þjónusta fólk með uppsetningu á aðgangskortum ofl. sé talin þörf á.

Samþykkt 01. 06. 21.
Valgerður Sigurjónsd.
Brjánn Vigfússon
Birna Oddgeirsd.
Anna Þ. Óskarsdóttir
Hjördís Þorsteinsd.

Samþykkt að taka tilboði Rafbox og samþ. að leita fjármögnunar.

Auka aðalfundur 01.06.2021

Valg. Sigurjónsd.
Magnús Pétursson
Ing. Guðm.
Bryna Oddgeirsd.
Anne B. Óskarsd.
Hjördís Þorsteinsd.
Brján Vigfússon

Rafbox ehf
kt.: 420518-1450
vsk.: 133487

Austurgata 22
220, Hafnarfjörður
+354 663 0423

# VERKSAMNINGUR



*Mynd frá sambærilegu verki*

VERKHEITI: Setja upp innviði fyrir hleðslu rafbíla við Barðastaði 23, Reykjavík.

VERKLIÐUR: Hönnun og uppsetning á grunnáfanga fyrir hleðslu rafbíla

Verktaki: Rafbox ehf

DAGSETNING: 08.06.2021

ÚTGÁFUNÚMER: 1

# Lýsing verkefnis

## Almenn lýsing

Húsfélagið Barðastöðum 23, Reykjavík (hér eftir nefnt verkkaupi) hefur óskað eftir að Rafbox ehf. (hér eftir nefndur verktaki) annist uppsetningu á grunnáfanga, innviða fyrir hleðslu rafbíla á bílastæði við fjöleignahús verkkaupa, til samræmis við hönnun og kostnaðaráætlun verktaka frá 12.05.2021.

**Verkefnið**:

Markmið verkefnisins er að bjóða hagkvæmustu lausn sem dugar til framtíðar og því byggir tilboðið á eftirfarandi forsendum

**Forsendur verkefnisins**

- Grunnforsendan er að lausnin sé örugg og uppfylli allar kröfur Mannvirkjastofnunar um hleðslu rafbíla ásamt öflunar leyfa og skila inn teikningum og tilkynningum að verki loknu
- Lagður 3x80A stofnstrengur frá aðal rafmagnstöflu hússins í sérstakan veggskáp sem verður staðsettur í ruslageymslu, þaðan verða lögð 32mm$^2$ lagnarör út í hvern undirstöðubrunn. Dregin verður einn 5x10mm$^2$ rafstrengur í hverja 2x22kW hleðslustöð og mun þetta grunnkerfi geta þjónað þörf fyrir hleðslu rafbíla á bílastæði Barðastaði í fyrirsjáanlegri framtíð (6 bílastæði).
- Gert er ráð fyrir að lausnin geti þjónað öllum gerðum núverandi og fyrirsjáanlegum tegundum rafbíla til frambúðar
  - Rafbílar eru útbúnir með innbyggðum hleðslutækjum sem geta hlaðið að hámarki 3,7 til 22 kW, fer eftir bílategundum. Tengiltvinnbílar eru flestir útbúnir með 3,7 kW hleðslutækjum meðan t.d Tesla er með 3-fasa 22kW hleðslutæki, algengustu tegundir rafbíla eru með 7,4 kW, 1- fasa hleðslutækjum.
- Grafnir verða 3 undirstöðubrunnar með raflagnakerfi á milli þeirra og í rafdreifiskáp sem staðsettur verður í ruslageymslu. Á hvern brunn verða settir hleðslustaurar með tvöfaldri hleðslustöð (2x22kW) í takt við þarfir húsfélagsins hverju sinni. Hleðslustaurarnir eru úr ryðfríu efni og festir við undirstöðubrunna með brotboltum sem gefa sig ef ekið verður á staurinn, þannig að aðeins þarf að endurnýja staurinn sjálfan ef óhapp verður.
- Sett upp fjarskipta/nefkerfi til að lesa rauntímagögn úr öllum snjall hleðslustöðvum bílastæðisins svo sérhver notandi geti fylgst með hleðslu og orkunotkun síns bíls, ásamt því að hægt sé að fylgast miðlægt með orkunotkun allra rafbíla íbúa hússins, í þeim tilgangi að innheimt verði fyrir orkunotkun hvers notanda
  - Í Þessari lausn er Router móttakari og þá þarf að fá SIM kort með búnaðinum frá fjarskiptafyrirtæki. Rekstrarkostnaður á mánuði á simakortinu er áætlaður kr. 2.500,- á mánuði.
  - Aðgangur að skýjalausn sem heldur utan um aðgangsstýringu, greiðsluskiptingu og álagsstýringu er gjaldfrjáls. Rafbox ehf getur boðið upp á rekstraþjónustu sem fellst í að skipta niður notkun hvers og eins og senda mánaðarlega á innheimtuaðila sameignagjalda ásamt því að sinna reglulegu viðhaldi og bregðast við hugsanlegum bilunum, sem og að þjónusta fólk með uppsetningu á aðgangskortum ofl. sé talin þörf á.

## Umfang verkefnisins

Umfang verkefnis verkkaupa er eftirfarandi:

- Sett verður upp 3x80A stofnvar, tengt orkusölumæli sameignar í aðal rafmagnstöflu hússins, settur verður upp 3. orkusölumælir. Frá aðaltöflunni verður lagður 3x80A rafstrengur með lofti yfir í ruslageymslu. Sett verður upp greinatafla í ruslageymslu með 3x63A stofnvörum, eitt fyrir hverja stöð sem sett verður upp.
- Lagt er til að settir verði upp 3. undirstöðubrunnar sem þjónað geta 6 rafbílatenglum (ein tvöföld hleðslustöð á hverjum staur). Gengið verður þannig frá yfirborði að sem minnst rask sjáist eftir lagnaleiðir og brunna. Gert er ráð fyrir að sagað verði í malbik fyrir hvern brunn og lagnaleið og gengið frá með hellustein (I stein) þannig að yfirborð steinana verði í sömu hæð og malbikið.
- Þegar hleðslustaurum verður bætt við, þá verður viðkomandi brunnur opnaðu og hleðslustaur (með tvöfaldri hleðslu) settur á brunnin ásamt því að draga rafstrengi í rafdreifiskáp og tengja við viðeigandi varnarbúnað. Ráðlagt er að setja upp einn hleðslustaur með 2x22kW hleðslustöð í fyrsta áfanga. Meðfylgjandi kostnaðaráætlun miðast við fyrsta áfanga verksins sem er dýrastur þar sem kláruð er öll jarðvinna og settur er upp rafdreifibúnaður og fjarskiptakerfi ásamt hönnun sem nýtist þeim áföngum sem á eftir koma.

## Aðkoma verkkaupa að verkefni

Verkkaupi sækir um nauðsynleg leyfi og styrki sem í boði eru vegna verkefnisins.

- Verkkaupi tryggir samþykki allra íbúa hússins og gerir vinnusvæðið aðgengilegt fyrir vinnu verktaka. Það þarf að vera aðgengi að rafmagnstöflu og bílastæðum þar sem á að grafa niður brunnana.
- Ákveður hvaða bílastæði verða hugsuð fyrir rafbíla og við hvaða stæði eigi að setja upp fyrsta hleðslustaurinn. Tryggir að þessi stæði verið aðgengileg jarðvinnuverktaka þegar hann boðar komu sína til að grafa lagnaleið og undirstöðubrunna



*Fyrirkomulag lagnaleiða við Barðastaði 23*

- **Undanskilið í verksamningnum**

Undanskilið í verkefninu: Er þjónustusamningur um reglubundið eftirlit og viðhald ásamt því að halda utan um hleðslunotkun hvers notanda og senda mánaðarlegt yfirlit til innheimtuaðila húsgjalda til að innheimta greiðslur fyrir notkun hvers og eins rafbílaeiganda við Barðastaði 23.

Sé þess óskað er Rafbox ehf reiðubúið að gera slíkan þjónustusamning við húsfélagið Barðastöðum 23. Endurgjald fyrir þessa þjónustu er 850 kr. á mánuði fyrir hvern notanda, þó er aldrei rukkað fyrir fleiri notendur en sem nemur fjölda uppsettra tengja.

# Til afhendingar

Grunnáfanga verksins telst lokið þegar verkkaupi hefur staðfest að búið sé að framkvæma verkið að fullu eins og lýst er í *Umfang verkefnis verkkaupa* hér að framan

# • Verkefnisteymi

## Verkkaupi (teymi)

| | |
|---|---|
| Eigandi verkefnis: | Húsfélagið Barðastöðum 23, 112 Reykjavík<br>Kt: 581199-2529 |
| Formaður húsfélags: Valgerður Sigurjónsdóttir | Email: valasigurjons@gmail.com<br>Sími: 899-2002 |
| Gjaldkeri húsfélags: Hjördís Þorsteinsdóttir | Email: hjordist@gmail.com<br>Sími: 844-2833 |
| Tengiliður Rafbox: Anna Þóra Óskarsdóttir | Email: annathora@rannsokn.is<br>Sími: 868-6014 |

- **Verktaki (teymi)**

| | |
|---|---|
| Verkefnastjóri: | Júlíus Freyr Bjarnason (JFB)<br>julius@rafbox.is<br>sími 8947117 |
| Samskipta- og kerfisstjóri | Emil Örn Harðarson (EÖH)<br>emil@rafbox.is<br>sími 6630423 |
| Verkefnastóri rafveitu | Bjarni Már Júlíusson (BMJ)<br>info@rafbox.is<br>sími 6172730 |

# • Áætlun

- **Helstu dagsetningar verkefnis**

| | | | |
|---|---|---|---|
| Gangsetning verks: | 21.06.2021 | Afhending afurða: | 02.07.2021 |
| Upphafsfundur: | 21.06.2021 | Verklok: | 08.07.2021 |

| Fyrirvari: | Að veður leyfi jarðvegsframkvæmdir/Efni sé fáanlegt. |
|---|---|

- **Vörður**

| Nr: | Varða: | Dagsetning: | Ábyrgur: |
|---|---|---|---|
| 1 | Leyfismál tilbúin og styrkur fenginn ef við á. | 20.06.2021 | AÞÓ |
| 2 | Jarðvinnu lokið. (Undirstöðubrunnar, lagnaleiðir) | 25.06.2021 | JFB |
| 5 | Ein 2x22kW 4G hleðslustöð upp og tengd við rafmagn og fjarskiptanet | 01.07.2021 | BMJ/EÖH JFB |
| 6 | Lokatilkynning send á Mannvirkjastofnun og uppfærðar teikningar sendar á Reykjavíkurborg | 08.07.2021 | JFB/BMJ |
| 7 | Formleg úttekt og afhending til verkkaupa | 08.07.2021 | EÖH/BMJ JFB |
| | | | |

- # Áhættustjórnun

**Áhætta fyrir íbúa og almenning**

*Skýring:*

**Verkaupi:** tryggir verktaka aðgang að vinnusvæði og gæti þurft að sjá til þess að bílastæði næst verkstað verið rýmt meðan á jarð- og lagnavinnu stendur

**Verktaki:** Tryggir með merkingum og frágangi, að íbúum og almenningi stafi ekki hætta af vinnusvæðinu á framkvæmdartíma.

**Áhætta vegna ÖHV þáttar**

*Skýring:*

Verktaki framkvæmir áhættumat með verkaupa áður en verklegar framkvæmdir hefjast og sér til þess að allir verktakar á hans vegum sé upplýstir um áhættumat og búnir passandi persónuhlýfum og með réttan búnaði til að verjast mögulegum hættum sem gætu skapast við framkvæmd verksins

RAFBOX
Rafbox ehf
kt.: 420518-1450
vsk.: 133487
Austurgata 22
220, Hafnarfjörður
+354 663 0423

- ## Greiðslur og uppgjör

# Kostnaðartilboð, Barðastaðir 23

**Verkefni:** Uppsetning á einni 2x22kW hleðslustöð, 2 hleðslutengi
fest á ryðfrían rafpóleraðan staur sem skrúfast á undirstöðubrunn á bílapalni og tengd inn í rafdreifiskáp
Varrofi 80A, fjögur 3x63A sjálfvör strengir og lagnaleiðir, fjarskiptakerfi netkapall og álagsstýringarkerfi

| ***búnaður og vinna*** | ***Ein.*** | ***Ein.verð*** | ***Samtals*** |
|---|---|---|---|
| Aura 2x22kW hleðslustöð, móðurstöð með rauter | 1 | 408.849 kr | 408.849 kr |
| Staur undir tvöfalda AURA hleðslustöð | 1 | 35.000 kr | 35.000 kr |
| Álagsstýrikerfi | 1 | 118.000 kr | 118.000 kr |
| Aflstrengur 5x10mm2 | 18 | 1.839 kr | 33.102 kr |
| Aflstrengur 5x16mm2 | 10 | 2.858 kr | 28.580 kr |
| Jarðví 16mm2 | 38 | 650 kr | 24.700 kr |
| Fjarskiptastrengur Cat6 + rör | 45 | 500 kr | 22.500 kr |
| Vírar og endahulsur (heild) | 1 | 4.300 kr | 4.300 kr |
| Steyptir undirstöðubrunnar m/loki | 3 | 43.500 kr | 130.500 kr |
| Lagnarör | 70 | 580 kr | 40.600 kr |
| Lagnaskurður, niðursettning á 3. brunnum og frágangur | 1 | 712.500 kr | 712.500 kr |
| Raflögn frá aðaltöflu út í geymslu, vinna og efni. Heild | 1 | 230.000 kr | 230.000 kr |
| | | | |
| **Samtalls án VSK** | | | **1.788.631 kr** |
| **VSK** | | | **429.271 kr** |
| **Samtalls m. VSK** | | | **2.217.902 kr** |
| | | | |
| Kostnaður á íbúð án VSK | | | **223.579 kr** |

Tilboð verktaka til að framkvæma verkið er **1.788.631 kr.** án virðisaukaskatts og sundurliðun þess má sjá í meðfylgjandi tilboðsblaði.

Verkkaupi greiðir verksala til samræmis við framvindu verkefnisins, samkvæmt útgefnum samþykktum reikningum og skal verkið að fullu greitt fyrir 12.07.2021 eftir lokaúttekt verkkaupa hefur farið fram athugasemdalaust. Náist ekki að ljúka einhverjum áfanga verksins fyrir þennan tíma, þá frestast greiðsla vegna áfangans sem honum nemur.

- ## Samþykki

Reykjavík, dags.: ____________________

| F.h. Húsfélags Barðastaða 23: | F.h. Rafbox ehf |
|---|---|
| ______________________________ | ______________________________ |
| *Valgerður Sigurjónsdóttir* | *Emil Örn Harðarson* |
| *Formaður* | *Sölu- og markaðsstjóri Rafbox ehf* |

Rafbox ehf
kt.: 420518-1450
vsk.: 133487
Austurgata 22
220, Hafnarfjörður
+354 663 0423

- ## Fylgiskjöl
    - Tilboð í að koma upp innviðum fyrir hleðslu rafbíla við Barðastaði 23, 112 Reykjavík (Uppfært 12.05.2021)

# Umsókn um styrk til uppsetningar á hleðslubúnaði fyrir rafbíla við fjöleignarhús

Reykjavíkurborg og Orkuveita Reykjavíkur hafa komið á fót sjóði sem ætlað er að styrkja fjöleignarhús í að koma upp hleðslubúnaði fyrir rafbíla. Skilgreindir hafa verið úthlutunarskilmálar fyrir sjóðinn sem má nálgast á eftirfarandi vefsíðu: https://reykjavik.is/uppbygging-innvida-fyrir-rafbila

Eyðublað þetta er ætlað fjöleignarhúsum til að sækja um styrk úr sjóðnum. Skila skal útfylltu umsóknareyðublaði og tilgreindum fylgigögnum með tölvupósti á netfangið rafbilar@reykjavik.is

Umsókn skal skila og fá samþykkta áður en búnaður er keyptur og framkvæmdir hafnar. Þó er heimilt að leita ráðgjafar áður en sótt er um styrk sbr. a-lið 2. gr. framangreindar úthlutunarskilmála

## Upplýsingar um húsfélag

Heiti húsfélags: **Húsfélagið Helluvaði 1-5**

Heimilisfang húsfélags: **Helluvað 1-5**

Kennitala húsfélags: **6108060660**

Reikningur húsfélags sem færa skal styrk inn á: **0537-66-10521**

## Lýsing á framkvæmd

Lýsa skal vinnu/ráðgjöf sem sótt er um styrk fyrir, búnaði m.a. fjölda og staðsetningu hleðslustöðva, raflögnum og hvernig gjaldtöku fyrir notkun er háttað[1], fjölda íbúða í húsfélagi sem sækir um styrk, :

**það eru 24 íbúðir í blokkinni og hugsunin er að leigja staura (tvo til að byrja með) af ON. Allir íbúar með rafmagnsbíl og lykil frá ON munu geta nýtt sér hleðslustövarnar. Gjaldtakan verður í höndum ON þar sem við munum leigja allan búnað af þeim. Þeir íbúar sem eru í rafmagnsviðksiptum við ON fá rafmagnshleðsluna inn í þann reikning. Aðrir fá sér rukkun frá ON.**

Hleðslubúnaður sem settur er upp, lagnir og allur frágangur skal uppfylla í öllu kröfur í íslenskri löggjöf til raflagna og -kerfa og frágangs á þeim. Vinna við raflagnir og tengingar skal unnin af löggiltum rafverktaka. Fylgja skal leiðbeiningum Mannvirkjastofnunar „Hleðsla rafbíla og raflagnir".

[1] Hleðslustöðvar skulu vera aðgengilegar öllum íbúum húsfélagsins. Þetta krefst þess að hleðslustöðvarnar séu í eigu og umsjón húsfélagsins og hugað sé í upphafi að því hvernig kostnaði er skipt á milli þeirra sem nota hleðsluaðstöðuna

Upphæð styrks sem sótt er um[2]: **527 475**

Upphaf verks: **6/21/24**

Áætluð verklok[3]: **7/21/31**

**Fylgigögn með umsókn**

Eftirfarandi gögn skulu fylgja umsókn:

- ☐ Kostnaðaráætlun
- ☑ Tilboð verktaka
- ☑ Samþykki húsfélags fyrir breyttri notkun bílastæða

Að loknu verki skal skila afriti af kvittunum fyrir öllum kostnaði sem sótt er um styrk fyrir, yfirlýsingu löggilds rafverktaka um að verki sé lokið og uppfylli allar kröfur þ.m.t. lokatilkynning til Mannvirkjastofnunar, ljósmynd af hleðslustöðvum og er þá greiddur út styrkurinn.

Gerð er krafa um að viðkomandi húsfélag reki hleðsluaðstöðuna í að minnsta þrjú ár frá uppsetningu, að öðrum kosti áskilur Reykjavíkurborg sér rétt til að krefja húsfélagið um endurgreiðslu styrksins.

---

[2] Hámarks styrkupphæð til hvers húsfélags er 1,5 m.kr, ein og hálf milljón króna, þó aldrei meira en sem nemur 67% af heildarkostnaði verksins með virðisaukaskatti. Styrkur er greiddur í samræmi við framlagða reikninga. Greidd styrkfjárhæð miðast við samþykkta umsókn húsfélags nema ef kostnaður er lægri samkvæmt framlögðum kvittunum. Miðast styrkupphæð þá við framlagðar kvittanir. Ekki greiddur styrkur fyrir virðisaukaskatt af vinnulið og hleðslustöð meðan í gildi eru reglur um niðurfellingu virðisaukaskatts eða endurgreiðslu ríkissjóðs.

[3] Ljúka skal framkvæmdum innan 6 mánaða frá því umsókn er samþykkt. Sé framkvæmdum ekki lokið innan þess tíma fellur vilyrði um styrk niður og þarf að sækja um að nýju. Húsfélag getur óskað eftir lengri frest til að ljúka framkvæmdum komi ytri ástæður, s.s. veður, í veg fyrir að hægt sé að ljúka verkinu á tilskyldum tíma.

**RE: Re: Húsfélagið Helluvaði 1-3-5, hleðslustövar styrkur**

Bréf
Málsnúmer: USK2021020057
Bréfalyklar: 2.7.0 Styrkir - almennt
Eigandi skjals: Guðmundur B. Friðriksson
Staða: Í vinnslu
Dagsetningar:
Búið til: 25.06.2021
Dagsetning skjals: 25.06.2021

Upplýsingar um viðskiptavin:
Netfang: "Jakob Sigurður Friðriksson" <jakob.sigurdur.fridriksson@or.is>

| | | | |
|---|---|---|---|
| Skjalalykill | 2.7.0 Styrkir - almennt | Málsnúmer | USK2021020057 |
| Móttökudags. | 25.06.2021 | Skráð í GoPro | 25.06.2021 |

| | | |
|---|---|---|
| Tegund skjals | Bréf | Fyrir Borgarráð |
| Efnisorð | | |

Sent: Sent til:

Notandi: "Jakob Sigurður Friðriksson" <jakob.sigurdur.fridriksson@or.is>
Dagsetning: 25.6.2021 15:15:41
Til: "Guðmundur Benedikt Friðriksson" <gudmundur.b.fridriksson@reykjavik.is>
Efni: RE: Re: Húsfélagið Helluvaði 1-3-5, hleðslustövar styrkur

---

Sæll

Samþykklt.

Kær kveðja / Best Regards,

**Jakob Sigurður Friðriksson**
Viðskiptaþróun / Head of Business Development
Sími / Tel: +354 516 6100 | Farsími / Mobile: +354 6177720 | Netfang / E-mail: jakob.sigurdur.fridriksson@or.is
Orkuveita Reykjavíkur / Reykjavik Energy | www.or.is

Tilkynningar

Fyrirvari / Disclaimer: http://www.or.is/fyrirvaridisclaimer

**From:** gudmundur.b.fridriksson@reykjavik.is <gudmundur.b.fridriksson@reykjavik.is>
**Sent:** föstudagur, 25. júní 2021 13:02
**To:** Jakob Sigurður Friðriksson <jakob.sigurdur.fridriksson@or.is>

**Subject:** Fw: Re: Húsfélagið Helluvaði 1-3-5, hleðslustövar styrkur

Sæll Jakob

Hér er svo leiðrétt umsókn frá Helluvaði 1, 3 og 5.

Kveðja,
Guðmundur

Notandi: "Hjördís Elma Jóhannsdóttir" <hjordiselma@gmail.com>
Dagsetning: 24.6.2021 17:47:24
Til: "Rafbílar" <rafbilar@reykjavik.is>
Efni: Re: Húsfélagið Helluvaði 1-3-5, hleðslustövar styrkur

-------------------------------------------------------

Góðan dag Guðmundur

Meðfylgjandi er leiðrétt umsókn.

Ein spurning, þurfum við að bíða eftir svari frá ykkur með að byrja framkvæmdirnar? Rafvirkinn okkar bíður mjög spenntur á kantinum með að byrja.

kv. Hjördís

fim., 24. jún. 2021 kl. 16:05 skrifaði Rafbílar <rafbilar@reykjavik.is>:

Sæl Hjördís

Hef móttekið umsókn ykkar um styrk til uppsetningar á hleðslustöðvum fyrir rafbíla. Samkvæmt úthlutunarskilmálum sjóðsins greiðum við 67% af kostnaði en styrkur er ekki greiddur af virðisaukaskatti sem endurgreiddur er af ríkinu. Á umsóknarformið hefur heildar upphæð fyrir hleðslustöðvar við útistæði verði færð á umsóknarformið undir liðinn „upphæð styrks sem sótt er um".

Þarf að biðja ykkur að leiðrétta upphæðina m.t.t. framanritaðs. Væri gott ef þú gætir sent mér uppfært umsóknarform fyrir lok vikunnar þar sem ég þarf að leita samþykkis Orkuveitunnar og koma gögnum inná fund borgarráðs fyrir kl. 10 nk. mánudag.

Velkomið að hringja ef eitthvað er óljóst, s. 6939600.

Kveðja,

**Húsfélagið Helluvaði 1-3-5, hleðslustövar styrkur**
Bréf
Málsnúmer: USK2021020057
Bréfalyklar: 2.7.0 Styrkir - almennt
Eigandi skjals: Guðmundur B. Friðriksson
Staða: Í vinnslu
Dagsetningar:
Búið til: 24.06.2021
Dagsetning skjals: 23.06.2021

Upplýsingar um viðskiptavin:
Netfang: "Hjördís Elma Jóhannsdóttir" <hjordiselma@gmail.com>

| | | | |
|---|---|---|---|
| Skjalalykill | 2.7.0 Styrkir - almennt | Málsnúmer | USK2021020057 |
| Móttökudags. | 23.06.2021 | Skráð í GoPro | 24.06.2021 |

| | | |
|---|---|---|
| Tegund skjals | Bréf | Fyrir Borgarráð |
| Efnisorð | | |

Sent: Sent til:

Notandi: "Hjördís Elma Jóhannsdóttir" <hjordiselma@gmail.com>
Dagsetning: 23.6.2021 10:57:53
Til: "Rafbílar" <rafbilar@reykjavik.is>
Efni: Húsfélagið Helluvaði 1-3-5, hleðslustövar styrkur

---------------------------------------------------------

Góðan dag

Meðfylgjandi er umsókn um styrk til uppsetningar á hleðslustöðvum fyrir Helluvað 1-3-5.

Einnig er meðfylgjandi fundargerð frá húsfundi þann 21. júní síðast liðinn þar sem neðst á blaðsíðu eitt kemur fram að samþykkt var einróma að fara í framkvæmdir á rafhleðslu fyrir húsfélagið.

Hér fyrir neðan er svo tilboðið frá rafverktakanum skáletrað

*Sæl Hjördís.*

*Um er að ræða lögn fyrir20 stöðvum tilbúin til þess að*

*Virkja nýja stöð með ON lykli.*

*Kr:1780 875*

*Þar af v.s.k af vinnu Kr:206.813*

*……………………………………………………..Útistæði……………………..*

*Um er að ræða tvo L-steina fyrir tvo staura með fjórum*

*Hleðslustöðvum.*

*KR: 527 475*

*Þar af v.s.k af vinnu KR:61.255*

*Með kveðju Hreinn Ómar*

*Raf-inn ehf*

*Sími 8923429*

Endilega látið mig vita ef eitthvað er óljóst, eða ef þið þurfið frekari upplýsingar.

--
Kveðja

Hjördís Elma - umsoknarform_fyrir_styrki_til_uppsetningar_a_hledslubunadi_fyrir_rafbila_vid_fjoleignarhus_endurskodad_mai_2020_0.pdf - Helluvað 1-5, fundargerð 21. júní 2021.pdf

Húsfundur í bílageymslunni að Helluvaði 1-3-5 þann 21. júní 2021

Fundur settur kl 18:06

Birkir kosinn fundarstjóri, Hjördís kosin ritari.

Blað gekk og íbúar merktu við sig með nafni og íbúðarnúmeri. Á næstu síðu er afrit af listanum.

Eyjólfur frá Verksýn mætti og fór yfir tilboðin sem bárust í viðhald á blokkinni.

Verksýn hefur góða reynslu af Stjörnumálun og þeir mæla með fyrirtækinu sem og aðrir íbúar sem hafa reynslu af fyrirtækinu.

Stjörnumálun er stór og hefur mikla reynslu af þesshátttar verkefnum.

Íbúar samþykktu á aðalfundi að fara í framkvæmdir og fór Verksýn í að afla tilboða.

Samþykkt var á fundinum að taka lægsta tilboðinu, sem var tilboð Stjörnumálunar.

Þarf bara hreinan meirihluta til að samþykkja tilboðið

Húsfélagið getur sótt um endurgreiðslu á vinnu í gegnum Allir vinna. Þar fáum við 100% endurgreiðsla af VSK af vinnu, ca 13,5% sem fæst endurgreitt af loka upphæðinni.

Samþykkt var að beita dagsektum ef verktaki vinnur ekki verkið á réttum tíma.

Samþykkt að Verksýn sé eftirlitsaðilinn, Verksýn talar um að koma allt að 5 sinnum í viku.

Spurning hvort að Trausti taki þátt í kostnaði í múrviðgerðum á svölum hjá 403. Hússtjórn tekur að sér að hafa samband við Eignarekstur til að komast að því.

Rætt að fresta lokagreiðslu til verktaka út af rangri eignaskiptayfirlýsingu. Lokagreiðslan verði greidd þegar búið er að þinglýsa leiðréttri eignaskiptayfirlýsingu.

Lokagreiðsla er venjulega innheimt 4 vikum fyrir lokadagsetningu verks. En hún verður geymd ef ný eignaskiptayfirlýsing er ekki komin í gegn.

Samþykkt var að fyrstu 3 greiðslurnar verði eftir núverandi eignaskiptasamningi en að síðasta greiðslan verði eftir nýjum eignaskiptasamningi og að leiðréttingar á fyrri greiðslum verði í samræmi við nýju eignaskiptayfirlýsinguna.

Samþykkt einróma af fundargestum rafvæða útibílastæðin og bílageymsluna á sama tíma og Stjörnumálun sinner sínu viðhaldi. Raf-inn gaf okkur tilboð sem samþykkt var einróma.

Íbúar sem mættu voru

| | |
|---|---|
| 203 | Birkir Þ. Kristmundsson |
| 402 | Hjördís Elma Jóhannsdóttir |
| 105 | Ágúst Aðalsteinsson |
| 306 | Linda María Jónsdóttir |
| 304 | Jóhanna Lára Árnadóttir |
| 401 | Örvar Karlsson |
| 406 | Kristín E. Ketilsdóttir |
| 303 | Sigurður Kristinsson |
| 106 | Hjörtur Helgi Þorgeirsson |
| 405 | Hreinn Örvar Hreinsson |
| 301 | Berglind Fanndal Káradóttir |
| 301 | Ari Knörr |
| 101 | Valgeir Þór Hallbergsson |
| 101 | Þórey Arna Árnadóttir |
| 102 | Tinna Björk Hilmarsdóttir |
| 102 | Vernharður Reinhardsson |
| 304 | Magnús Einarsson |
| 103 | Óskar Valdimarsson |
| 204 | Huldís Mjöll Sveinsdóttir |
| 202 | Kristján Meyvant Jónsson |
| 302 | Ingvar Valgeirsson |

# Reglur um styrki vegna hleðslubúnaðar fyrir rafbíla við fjöleignarhús

1. gr.
*Gildissvið*

Reglur þessar taka til styrkja sem Reykjavíkurborg og Orkuveita Reykjavíkur veita til húsfélaga fjöleignarhúsa með að minnsta kosti 5 íbúðum í Reykjavík til kaupa, uppsetningar og tengingar á hleðsluaðstöðu fyrir rafbíla á sameiginlegum bílastæðum á lóð viðkomandi fjöleignarhúss. Grundvöllur styrkveitinga er samkomulag Reykjavíkurborgar og Orkuveitu Reykjavíkur um uppbyggingu innviða til hleðslu á rafbílum í Reykjavík dags. 4. apríl 2019.

2. gr.
*Verkþættir sem veitur er styrkur til*

Veittur er styrkur til eftirfarandi þátta:

a. Ráðgjafar sérfræðinga um hönnun hleðsluaðstöðu fyrir rafbíla við fjöleignarhús.
b. Kaupa á efni til að koma upp hleðsluaðstöðu fyrir rafbíla á lóð fjöleignarhúss þ.m.t. hleðslustöð, raflagnaefni og festingar.
c. Vinnu jarðvinnuverktaka og iðnaðarmanna við að koma fyrir raflögnum, setja upp hleðslustöðvar, tengja raflagnir og ganga frá yfirborði.
d. Gjalda vegna leyfisveitinga og heimtaugagjald.

3. gr.
*Umsóknir og fylgigögn*

Fulltrúi húsfélags skal sækja um rafrænt á „mínar síður“ á vef Reykjavíkurborgar www.reykjavik.is. Umsókn skal skila inn og fá samþykkta áður en búnaður er keyptur og framkvæmdir hafnar. Þó er heimilt að leita ráðgjafar sbr. a-lið 2. gr. áður en sótt er um styrk.

Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. getur umhverfis- og heilbrigðisráð, ef sérstakar aðstæður eru fyrir hendi, ákveðið að veita styrk, að hluta eða fullu vegna framkvæmda sem eru hafnar þegar umsókn kemur fram að því gefnu að önnur skilyrði reglna þessara séu uppfyllt.

Umsókn skulu fylgja eftirfarandi gögn/upplýsingar:

- lýsing á framkvæmdinni
- fjöldi og staðsetning hleðslustöðva sem áætlað er að setja upp
- kostnaðaráætlun
- tilboðum verktaka
- upphæð þess styrks sem sótt er um
- lýsing á því hvernig gjaldfærslu fyrir notkun hleðslustöðvanna er háttað

- Staðfesting á samþykki húsfélagsins fyrir umsókninni, framkvæmdinni og breyttri notkun bílastæða sem ætluð eru til hleðslu rafbíla

4. gr.

*Verklok, skil á gögnum og greiðsla styrks*

Ljúka skal framkvæmdum innan 6 mánaða frá því umsókn er samþykkt. Sé framkvæmdum ekki lokið innan þess tíma fellur vilyrði um styrk niður og þarf að sækja um að nýju. Húsfélag getur óskað eftir lengri frest til að ljúka framkvæmdum komi ytri ástæður s.s. veður eða vanefndir verktaka, í veg fyrir að hægt sé að ljúka verkinu á tilskyldum tíma.

Að loknu verki skal afhenda eftirfarandi gögn:

- afrit af kvittunum fyrir öllum styrkhæfum kostnaði
- yfirlýsingu löggilds rafverktaka um verklok og að það uppfylli allar kröfur þ.m.t. lokatilkynningu til Mannvirkjastofnunar og ljósmyndir af hleðslustöðvum

Styrkurinn er greiddur þegar öll gögn hafa verið afhent í samræmi við ákvæði reglnanna.

Húsfélagi er heimilt að sækja um að nýju í styrktarsjóðinn hafi það ekki fengið hámarksstyrk úr fyrri umsókn. Frá hámarsstyrkupphæð skv. 5. gr. dregst þá fyrri styrkur sem húsfélag hefur fengið.

5. gr.

*Kröfur til hleðslubúnaðar og raflagna*

Hleðslubúnaður sem settur er upp, lagnir og allur frágangur skal uppfylla kröfur íslenskra laga til raflagna og -kerfa og frágangs á þeim. Vinna við raflagnir og tengingar skal unnin af löggiltum rafverktaka. Fylgja skal leiðbeiningum Mannvirkjastofnunar „*Hleðsla rafbíla og raflagnir*“.

6. gr.

*Styrkupphæð og afgreiðsla umsókna*

Hámarks styrkupphæð til hvers húsfélags er 1,5 m.kr, ein og hálf milljón króna, þó aldrei meira en sem nemur 67% af heildarkostnaði verksins, skv. 2. gr. sem greiddur er í samræmi 2. mgr. Ekki er greiddur styrkur fyrir virðisaukaskatt af vinnulið og hleðslustöð meðan í gildi eru reglur um niðurfellingu virðisaukaskatts eða endurgreiðslu ríkissjóðs.

Greidd styrkfjárhæð miðast við samþykkta umsókn húsfélags nema ef kostnaður er lægri samkvæmt framlögðum kvittunum. Miðast styrkupphæð þá við framlagðar kvittanir.

Að fengnu samþykki Orkuveitu Reykjavíkur, leggur umhverfis- og skipulagssvið Reykjavíkurborgar tillögu að styrkúthlutun fyrir umhverfis- og heilbrigðisráð borgarinnar sem tekur ákvörðun um úthlutun.

7. gr.

*Takmarkanir á styrkveitingu*

Styrkur er veittur til fjöleignarhúsa með íbúðum (íbúðarhúsa) vegna hleðslubúnaðar sem settur er upp á bílastæðum í sameign á lóð hússins/-anna.

Hleðslustöðvar skulu vera aðgengilegar öllum íbúum húsfélagsins og vera í eigu og umsjón húsfélagsins eða leigu og umsjón leigusala skv. samningi. Sé hleðslustöð í leigu/áskrift er ekki greiddur styrkur fyrir sjálfa hleðslustöðina sbr. stafl.ið b. í 2. gr. Huga skal að því í upphafi hvernig kostnaði er skipt á milli þeirra sem nota hleðsluaðstöðina. Hleðslustöðin skal geta haft samskipti (t.d. gsm) við miðlæga gagnasöfnun, sent upplýsingar um notkun og hleðslutíma til reikningsfærslu á hleðsluþjónustunni, vera búin búnaði til auðkenningar t.d. Rfid (Radio Frequency Identification) og hafa möguleika á álagsstýringu (t.d. skv. staðli OCPP 1.6).

Styrkur er greiddur til skráðs húsfélags skv. fyrirtækjaskrá Ríkisskattstjóra en ekki til einstaklinga.

Ekki er veittur styrkur til húsa í byggingu og ekki er veittur styrkur til framkvæmda sem eru hafnar eða lokið þegar sótt eru um styrk sbr. þó 2. mgr. 3. gr.

Styrkur er eingöngu veittur til fjöleignarhúsa með 5 íbúðum eða fleiri samkvæmt skráningum fasteigna hjá Þjóðskrá Íslands.

Gerð er krafa um að viðkomandi húsfélag reki hleðsluaðstöðuna í að lágmarki þrjú ár frá uppsetningu, að öðrum kosti áskilur Reykjavíkurborg sér rétt til að krefja húsfélagið um endurgreiðslu styrksins.

Styrkir eru greiddir í samræmi við fjárhagsáætlun Reykjavíkurborgar og Orkuveitu Reykjavíkur hverju sinni og umsóknir afgreiddar í þeirri röð sem þær berast. Fari skuldbindingar til styrkja á einhverjum tíma umfram höfuðstól sjóðsins má vísa óafgreiddum umsóknum til úthlutunar næsta árs. Um slíkar umsóknir gildir áfram að umsókn skuli fá samþykkta áður en búnaður er keyptur og framkvæmdir hafnar.

8. gr.

*Breytingar á reglum*

Breytingar, sem samþykktar kunna að verða á reglum þessum, hafa ekki áhrif á styrkveitingu til þeirra, sem áður hafa fengið jákvætt svar við styrkumsókn, sbr. þó 3. mgr., 3. gr.

Reglur þessar voru samþykktar í borgarráði Reykjavíkur þann 3. desember 2020